

## REGLUR

### um breytingu á reglum um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár nr. 492/2001.

#### 1. gr.

2. ml. 5. gr. orðist svo:

Um lánstíma gilda ákvæði 1. mgr. 4. gr. og tæknileg útfærsla í skuldaskjölum fer eftir 2., 3. og 5. mgr. 4. gr.

#### 2. gr.

a) Á eftir fyrirsögn í 7. gr. „Ákvæði til bráðabirgða“ kemur: I.

b) Aftan við meginmál 7. gr. bætist nýtt ákvæði svohljóðandi:

#### II.

Þrátt fyrir 1. mgr. 4. gr. er verðtrygging láns með ákvæði um að höfuðstóll þess miðist við vísitölu neysluverðs heimil þó lán sé til skemmri tíma en fimm ára þegar um er að ræða skuldbreytingu láns í erlendri mynt eða láns tengdu gengi einnar eða fleiri erlendar myntar í íslenskar krónur. Heimild þessi gildir til ársloka 2012.

#### 3. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til ákvæða VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 29. apríl 2010.

*Seðlabanki Íslands,*

**Már Guðmundsson**  
seðlabankastjóri.

**Sigríður Logadóttir**  
aðallögfræðingur.